

bilinu frá 20. sept, næst á undan til jafnlengdar, og skal skráin miðast við síðasta manntal. Um framlenging kjötskrár, kærur, fresti og úrskurði fer eftir ákvæðum þeim, er gilda um skattskrár, eftir því sem við á, þó þannig, að úrskurður yfirskattanefndar um rétt til niðurgreiðslu er fullnaðarúrskurður. 37  
29. apríl

Gjalddagi niðurgreiðslna er á manntalsþingum, og er heimilt að nota þær til skuldajafnaðar við ógreidd þinggjöld hlutaðeigandi.

5. gr.

Ákveða má með reglugerð um alla framkvæmd laga þessara, þar á meðal um fyrirkomulag niðurgreiðslna og um fyrning á niðurgreiðslukröfu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en ríkisstjórnin skal láta fram fara endurskoðun á þeim og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu á tímabilinu frá 20. sept. til 20. des. 1945 fer samkv. ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 81 frá 29. sept. 1945. Niðurgreiðslur fyrir tímabilið frá 20. des. 1945 til 20. sept. 1946 falla í gjalddaga á manntalsþingum 1946.

*Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1946.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Pétur Magnússon.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

38

29. apríl

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsgr. 43. gr. laganna orðist svo:

Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar, hver í sínu umdæmi, gefa hagstofunni skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um búnaðarástandið ár hvert, þar á meðal um heyfeng o. fl., samkvæmt framtali búenda, sem nákvæmlega sé tilgreint, einnig að því er þetta varðar, í landbúnaðarskýrslu þeirra til skattalagningar, enda fellur þá niður skylda til skýrslugerða um þetta efni, sem 3. gr. laga nr. 29 8. nív. 1895 gerir ráð fyrir.

Ef framtali á því, er setja ber á landbúnaðarskýrslu, er ábótavant eða skortir með öllu, skal úr því bætt með áætlun skattanefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1946.

*Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1946.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Pétur Magnússon.*